



HVALASKOÐUN, HVALVEIÐAR OG FERÐAMENNSKA

VIÐHORFSKÖNNUN MEÐAL ÞÁTTTAKENDA Í HVALASKOÐUNARFERÐUM SUMARIÐ 2002

Unnið fyrir:



FERÐAMÁLASETUR
ÍSLANDS

Hjördís Sigursteinsdóttir

Október 2003

Efnisyfirlit

Formáli	6
1. Inngangur	7
2. Könnunin	8
2.1. Úrvinnsla	9
2.2. Viðhorf til hvalaskoðunarferða	11
2.2.1. Hafði hvalaskoðun áhrif á ákvörðun þína um að koma til Íslands?.....	11
2.2.2. Að hvaða marki hafði hvalaskoðun áhrif á ákvörðun þína um að koma til Íslands?.....	13
2.2.3. Hefðir þú farið í hvalaskoðunarferð ef hér væru stundaðar hvalveiðar?.....	15
2.2.4. Hefur þú farið áður í hvalaskoðunarferð?.....	17
2.2.5. Hvaða einkunn gefur þú þeirri hvalaskoðunarferð?.....	21
2.2.6. Hvaða þættir skipta máli í hvalaskoðunarferðum?.....	24
2.2.7. Myndir þú vilja bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferð?.....	32
2.2.8. Myndir þú vilja sjá þegar hvalur er skorinn?.....	34
2.2.9. Samantekt.....	35
2.3. Viðhorf til hvalveiða	36
2.3.1. Vissir þú að hvalveiðar væru bannaðar á Íslandi?.....	36
2.3.2. Hefðir þú komið til Íslands ef hér væru stundaðar hvalveiðar?.....	38
2.3.3. Telur þú að hægt sé að veiða sumar tegundir af hval án þess að stofna þeim í hættu?.....	40
2.3.4. Hversu mikið traust berð þú til vísindamanna á sviði hvalarannsóknna?.....	42
2.3.5. Styður þú aðgerðir gegn þjóðum sem stunda hvalveiðar eða hafa slíkt í huga?.....	44
2.3.6. Hefur þú bragðað hvalkjöt?.....	46
2.3.7. Myndir þú vilja bragða hvalkjöt?.....	47
2.3.8. Myndir þú vilja hafa hvalkjöt sem hluta af þínu mataræði?.....	49
2.3.9. Samantekt.....	51
2.4. Hvalaskoðunarferðin	52
2.4.1. Hvenær tókstu ákvörðun um að fara í hvalaskoðunarferð?.....	52
2.4.2. Hvernig bókaðir þú hvalaskoðunarferðina?.....	54
2.4.3. Hvernig fékkstu upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtækið?.....	57
2.4.4. Hvers vegna valdir þú þetta hvalaskoðunarfyrirtæki?.....	60
2.4.5. Samantekt.....	64
3. Lokaorð	65

Myndaskrá

Mynd 1. Fjöldi þátttakenda í könnuninni.....	8
Mynd 2. Aldur og kyn þátttakenda í könnuninni.....	9
Mynd 3. Menntun þátttakenda.....	10
Mynd 4. Áhrif hvalaskoðunar á komu til landsins.....	12
Mynd 5. Áhrif hvalaskoðunar á komu til Íslands greint eftir kyni, aldri og menntun.....	12
Mynd 6. Áhrif hvalaskoðunar á komu til Íslands greint eftir þjóðerni.....	13
Mynd 7. Að hvaða marki hafði hvalaskoðun áhrif á komu til landsins.....	14
Mynd 8. Að hvaða marki hafði hvalaskoðun áhrif á komu til landsins greint eftir kyni, aldri og menntun.	14
Mynd 9. Að hvaða marki hafði hvalaskoðun áhrif á komu til landsins greint eftir þjóðerni.....	15
Mynd 10. Hvalaskoðun og hvalveiðar.....	15
Mynd 11. Hvalveiðar og áhrif á hvalaskoðunarferð greint eftir kyni, aldri og menntun.....	16
Mynd 12. Hvalveiðar og áhrif á hvalaskoðunarferðir eftir þjóðerni.....	17
Mynd 13. Hefur þú farið áður í hvalaskoðunarferð?.....	18
Mynd 14. Áður farið í hvalaskoðunarferð greint eftir kyni, aldri og menntun.....	18
Mynd 15. Áður farið í hvalaskoðunarferð greint eftir þjóðerni.....	19
Mynd 16. Hversu oft áður hefur þú farið í hvalaskoðunarferð.....	19
Mynd 17. Aðrar hvalaskoðunarferðir greint eftir kyni, aldri og menntun.....	20
Mynd 18. Aðrar hvalaskoðunarferðir greint eftir þjóðerni.....	20
Mynd 19. Hvaða einkunn gefur þú þeirri hvalaskoðunarferð?.....	21
Mynd 20. Einkunn sem fyrri hvalaskoðunarferð fær greind eftir kyni, aldri og menntun.....	22
Mynd 21. Einkunn sem fyrri hvalaskoðunarferð fær greind eftir þjóðerni.....	22
Mynd 22. Hve lengi stóð sú ferð?.....	23
Mynd 23. Lengd fyrri hvalaskoðunarferðar greind eftir kyni, aldri og menntun.....	23
Mynd 24. Lengd hvalaskoðunarferðar greind eftir þjóðerni.....	24
Mynd 25. Hvaða þættir skipta máli í hvalaskoðunarferðum?.....	25
Mynd 26. Hvalaskoðunarferð og náttúran greint eftir kyni, aldri og menntun.....	26
Mynd 27. Hvalaskoðunarferð og náttúran greint eftir þjóðerni.....	26
Mynd 28. Hvalaskoðunarferð og sjá sem flesta hvali greint eftir kyni, aldri og menntun.....	27
Mynd 29. Hvalaskoðunarferð og sjá sem flesta hvali greint eftir þjóðerni.....	27
Mynd 30. Hvalaskoðunarferð og góðar stundir greint eftir kyni, aldri og menntun.....	28
Mynd 31. Hvalaskoðunarferð og góðar stundir greint eftir þjóðerni.....	28
Mynd 32. Hvalaskoðunarferð og sjá eitthvað óvanalegt greint eftir kyni, aldri og menntun.....	29
Mynd 33. Hvalaskoðunarferð og sjá eitthvað óvanalegt greint eftir þjóðerni.....	29
Mynd 34. Hvalaskoðunarferð og fræðsla um hvali greint eftir kyni, aldri og menntun.....	30
Mynd 35. Hvalaskoðunarferð og fræðsla um hvali greint eftir þjóðerni.....	30

Mynd 36. Hvalaskoðunarferð og að fara á sjó greint eftir kyni, aldri og menntun.....	31
Mynd 37. Hvalaskoðunarferð og að fara á sjó greint eftir þjóðerni.....	31
Mynd 38. Myndir þú vilja bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferð?.....	32
Mynd 39. Vilji til að bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferð greindur eftir kyni, aldri og menntun.....	33
Mynd 40. Vilji til að bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferð greindur eftir þjóðerni.....	33
Mynd 41. Myndir þú vilja sjá þegar hvalur er skorinn?.....	34
Mynd 42. Vilja til að sjá hval skorinn greindur eftir kyni, aldri og menntun.....	34
Mynd 43. Vilja til að sjá hval skorinn greindur eftir þjóðerni.....	35
Mynd 44. Vitneskja um hvalveiðibannið.....	37
Mynd 45. Vitneskja um hvalveiðibann á Íslandi greint eftir kyni, aldri og menntun.....	37
Mynd 46. Vitneskja um hvalveiðibann á Íslandi greint eftir þjóðerni.....	38
Mynd 47. Hvalveiðar og áhrif á komu til Íslands.....	39
Mynd 48. Hvalveiðar og áhrif á komu til Íslands greint eftir kyni, aldri og menntun.....	39
Mynd 49. Hvalveiðar og áhrif á komu til Íslands greint eftir þjóðerni.....	39
Mynd 50. Allt í lagi að veiða sumar tegundir af hval.....	40
Mynd 51. Allt í lagi að veiða sumar tegundir af hval greint eftir kyni, aldri og menntun.....	41
Mynd 52. Allt í lagi að veiða sumar tegundir af hval greint eftir þjóðerni.....	41
Mynd 53. Traust til vísindamanna á sviði hvalarannsókna.....	42
Mynd 54. Traust til vísindamanna á sviði hvalarannsókna greint eftir kyni, aldri og menntun.....	43
Mynd 55. Traust til vísindamanna á sviði hvalarannsókna greint eftir þjóðerni.....	43
Mynd 56. Stuðningur við aðgerðir gegn hvalveiðipjóðum.....	44
Mynd 57. Stuðningur við aðgerðir gegn þjóðum sem stunda hvalveiðar greint eftir kyni, aldri og menntun.....	45
Mynd 58. Stuðningur við aðgerðir gegn þjóðum sem stunda hvalveiðar greint eftir þjóðerni.....	45
Mynd 59. Hefur þú bragðað hvalkjöt?.....	46
Mynd 60. Hefur þú bragðað hvalkjöt greint eftir kyni, aldri og menntun.....	46
Mynd 61. Hefur þú bragðað hvalkjöt greint eftir þjóðerni.....	47
Mynd 62. Myndir þú vilja bragða hvalkjöt?.....	47
Mynd 63. Vilji til að bragða hvalkjöt greindur eftir kyni, aldri og menntun.....	48
Mynd 64. Vilji til að bragða hvalkjöt greindur eftir þjóðerni.....	48
Mynd 65. Hvalkjöt sem hluti af mataræði.....	49
Mynd 66. Hvalkjöt sem hluti af mataræði greint eftir kyni, aldri og menntun.....	50
Mynd 67. Hvalkjöt sem hluti af mataræði greint eftir þjóðerni.....	50
Mynd 68. Hvenær tókstu endanlega ákvörðun um að fara í hvalaskoðunarferð?.....	53
Mynd 69. Endanleg ákvörðun um hvalaskoðunarferð greind eftir kyni, aldri og menntun.....	53
Mynd 70. Endanleg ákvörðun um hvalaskoðunarferð greind eftir þjóðerni.....	54
Mynd 71. Endanleg ákvörðun um hvalaskoðunarferð greind eftir hvalaskoðunarfyrirtækjum.....	54
Mynd 72. Hvernig bókaðir þú hvalaskoðunarferðina?.....	55

Mynd 73. Bókun á hvalaskoðunarferðinni greind eftir kyni, aldri og menntun.....	56
Mynd 74. Bókun á hvalaskoðunarferðinni greind eftir þjóðerni.....	56
Mynd 75. Bókun á hvalaskoðunarferðinni greind eftir staðsetningu hvalaskoðunarfyrirtækis.....	57
Mynd 76. Hvernig fékkst þú upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtækið?.....	58
Mynd 77. Hvers vegna valdir þú þetta hvalaskoðunarfyrirtæki?.....	60
Mynd 78. Val á hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir kyni, aldri og menntun.....	61
Mynd 79. Val á hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir þjóðerni.....	61
Mynd 80. Val á hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir hvalaskoðunarfyrirtækjum.....	62
Mynd 81. Hvaða aðrar ástæður voru fyrir því að þú valdir þetta hvalaskoðunarfyrirtæki?.....	62
Mynd 82. Aðrar ástæður fyrir að velja þetta hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir hvalaskoðunarfyrirtæki.	63

Töfluskrá

Tafla 1. Þjóðerni þátttakenda.....	10
Tafla 2. Hvar hefur þú áður farið í hvalaskoðunarferð.....	21
Tafla 3. Upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir kyni.....	58
Tafla 4. Upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir aldri.....	58
Tafla 5. Upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir menntun:.....	59
Tafla 6. Upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir þjóðerni:.....	59
Tafla 7. Upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir hvalaskoðunarfyrirtækjum:.....	59

Formáli

Á undanförunum árum hefur orðið mikill vöxtur í ferðaþjónustu á Íslandi. Sá vöxtur hefur kallað á aukna þjónustu við ferðamenn og hefur afþreyingarmöguleikum fjölgað mjög vítt og breitt um landið. Líklega hefur aukningin orðið hvað mest í hvalaskoðun. Hvalaskoðunarferðir hófust við Ísland árið 1995 og fóru þá um 2.200 manns í hvalaskoðun en á árinu 2003 er fjöldinn orðinn um 72.000 manns.

Síðastliðið sumar hófust hvalveiðar í vísindaskyni við strendur Íslands. Tíðrætt hefur verið um hugsanleg áhrif þeirra á ferðamennsku og segja má að þar stangist á tvö meginsjónarmið. Sú umræða hefur að mörgu leyti verið óupplýst þar sem ekki hefur verið unnt að styðjast við nein gögn, þar sem viðhorf ferðamanna sjálfra koma fram.

Sumarið 2002 gerðu tveir nemendur á ferðaþjónustubraut Rekstrar- og viðskiptadeildar Háskólans á Akureyri könnun á meðal hvalaskoðunargesta hjá þremur hvalaskoðunarfyrirtækjum, Norðursiglingu í Húsavík, Sæferðum í Stykkishólmi og Hvalstöðinni í Reykjavík. Þessi könnun var liður í óloknu lokaverkefni þeirra til B.Sc. gráðu í viðskiptafræðum. Ferðamálasetur Íslands tók að sér að vinna úr niðurstöðum könnunarinnar og fékk til þess Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Niðurstöður verkefnisins eru því mikilvægt framlag í þekkingarbrunn okkar á ferðamennsku á Íslandi. Jafnframt varpa niðurstöðurnar að nokkru leyti nýju ljósi á umræðuna um áhrif hvalveiða á ferðamennsku. Það ber þó að skoða niðurstöðurnar með nokkrum fyrirvara. T.a.m. er könnunin gerð áður en ákvörðun var tekin um að hefja hvalveiðar. Að auki þá endurspeglar niðurstöðurnar einungis viðhorf hvalaskoðunargesta en ekki annarra ferðamanna.

Stefnt er að því að endurtaka verkefnið sumarið 2004 fáist til þess stuðningur.

Október 2003,

Arnar Már Ólafsson
forstöðumaður Ferðamála­seturs Íslands

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal erlendra og íslenskra ferðamanna sem fóru í hvalaskoðunarferð hjá þremur hvalaskoðunarfyrirtækjum hér á landi sumarið 2002, Hvalstöðinni í Reykjavík, Norðursiglingu á Húsavík og Sæferðum í Stykkishólmi. Kannað var viðhorf ferðamanna til hvalaskoðunarferða, hvalveiða og hvernig þeir tengja þetta tvennt. Auk þess var kannað viðhorf þeirra til hvalaskoðunarferðanna sjálfra og skipulagningar og markaðsmála þeirrar tegundar ferðaþjónustu.

Þessi skýrsla er unnin af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri að beiðni Ferðamálasteðs Íslands en Samgönguráðuneytið, Sjávarútvegsráðuneytið, Kaupfélag Eyfirðinga og Ferðamálasamtök Íslands hafa styrkt verkefnið. Höfundur skýrslunnar er Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA.


2. Könnunin

Sumarið 2002 framkvæmdu tveir nemendur úr Rekstrar- og viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, Arnar Guðmundsson og Daníel Guðmundsson, könnun meðal þátttakenda í hvalaskoðunarferðum. Tilgangur og markmið könnunarinnar var:

- Að kanna viðhorf þátttakenda í hvalaskoðunarferðum til hvalveiða og hvalaskoðunarferða,
- kanna viðhorf hvalveiða á þessa ferðamenn,
- og afla upplýsinga um hvað þeim finnst skipta máli í slíkum ferðum.

Leitað var til þriggja hvalaskoðunarfyrirtækja, Hvalstöðvarinnar í Reykjavík, Norðursiglingar á Húsavík og Sæferða í Stykkishólmi. Þessi hvalaskoðunarfyrirtæki voru valin vegna ólíkra áherslna þeirra í hvalaskoðunarferðum, þannig að hægt væri að ná til sem flestra gerða hvalaáhugamanna. *Hvalstöðin* er staðsett miðsvæðis í Reykjavík, í göngufæri frá flestum hótélum og gististöðum í Reykjavík, með stórt og öflugt skip sem gerir þeim kleift að ferðast langt á stuttum tíma. *Norðursigling* á Húsavík gerir meira út á gamla tímann, er með gamla eikarbáta og leggja áherslu á náttúruskoðun, þægindi og rólegheit. *Sæferðir* í Stykkishólmi gera út á stórhvalaskoðun. Þeir bjóða upp á hvalaskoðunarferðir út frá Ólafsvík en það svæði er best til þess fallið að sjá stórhvali, steypireið og hnúfubak.

Starfsmenn hvalaskoðunarfyrirtækjanna lögðu könnunina fyrir ferðamennina þegar um borð var komið og var henni svarað áður en að nokkuð hafði sést til hvala. Lögð var mikil áhersla á að fólk svaraði könnuninni og fengust svör frá 1143 einstaklingum, alls 463 eða 40,5% frá Hvalstöðinni, 443 eða 38,8% frá Norðursiglingu og 237 eða 20,7% frá Sæferðum.




Mynd 1. Fjöldi þátttakenda í könnuninni.


2.1. Úrvinnsla

Í skýrslunni er að finna greiningar á svörum hvalaskoðunargesta við sjö spurningum varðandi viðhorf til hvalaskoðunarferða og níu spurningum varðandi viðhorf til hvalveiða og hvalkjöts. Þessar spurningar eru greindar eftir fjórum bakgrunnspáttum: Kynferði, aldri, menntun og þjóðerni. Einnig er að finna svör við fjórum spurningum varðandi þessa tilteknu hvalaskoðunarferð sem fólk var í, bókanir, upplýsingar og fleira. Þær spurningar eru greindar eftir fimm bakgrunnspáttum, öllum fjórum sem getið er hér fyrir fram en auk þess eftir hvalaskoðunarfyrirtækjum. Bakgrunnsbreytan búseta var flokkuð niður í níu hópa þar sem ferðamenn frá Íslandi, Þýskalandi, Stóra-Bretlandi voru settir hver um sig í einn hóp, hvalveiðiþjóðirnar Noregur og Japan saman í einn hóp, aðrir Norðurlandabúar saman í einn hóp, ferðamenn frá austur Evrópu saman í einn hóp og vestur Evrópubúar aðrir en að framan greinir í annan hóp. Síðan voru Bandaríkjamenn og aðrir ameríkubúar flokkaðir saman í einn hóp og loks íbúar Eyjaálfu og Asíu saman í einn hóp.

Niðurstöður greininga eru settar fram á myndum sem sýna hlutfall og fjölda þeirra sem svara á tiltekinn hátt. Áreiðanleiki niðurstaðna í þessari rannsókn er metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið af slíkri greiningu í umræðu um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru.



Mynd 2. Aldur og kyn þátttakenda í könnuninni.



Mynd 3. Menntun þátttakenda.

Tafla 1. Þjóðerni þátttakenda.

Búseta:	Fjöldi:	Hlutfall:
Ísland	37	3%
Þýskaland	203	18%
Bretlandseyjar	308	27%
Noregur og Japan	38	3%
Hin Norðurlöndin	107	9%
Austur Evrópa	47	4%
Annars staðar í Evrópu	281	25%
Bandaríkjamenn og aðrir ameríkubúar	76	7%
Eyjaálfa og Asía	16	1%

2.2. Viðhorf til hvalaskoðunarferða.


Hvalaskoðunarferðir hafa verið að ryðja sér til rúms um nokkur ára skeið eða allt frá árinu 1995. Þær hafa notið síaukinna vinsælda meðal ferðamanna og hafa verið góð viðbót sem afþreyingarmöguleiki ferðaþjónustunnar á Íslandi. Fyrsta sumarið fóru rúmlega 2.000 ferðamenn í hvalaskoðunarferðir hér við land, árið 1999 var fjöldinn kominn upp í um 35.000 manns, 45.000 árið 2000 og yfir 60.000 manns árið 2001. Tölur benda til að yfir 80.000 manns hafi farið í hvalaskoðunarferðir árið 2003. Það er samt erfitt að fullyrða hversu margir ferðamenn koma gagnert til landsins til að fara í hvalaskoðun. Nokkrar ferðaskrifstofur erlendis markaðssetja sérstaklega hvalaskoðunarferðir til Íslands og árlega koma nokkur þúsund ferðamanna hingað til lands frá þessum ferðaskrifstofum. Þetta gefur ákveðnar vísbindingar um að einhverjar þúsundir ferðamanna komi aðeins í þeim tilgangi að fara í hvalaskoðunarferð.

Í þessum kafla er fjallað um viðhorf ferðamannanna til hvalaskoðunarferða, áhrif hvalaskoðunarferða á komuna til landsins og hvernig þeir telja að hvalaskoðun og hvalveiðar fari saman. Einnig er kannað hvort viðkomandi hafi áður farið í hvalaskoðunarferð og hvað þeim finnst skipta máli í slíkum ferðum.


2.2.1. Hafði hvalaskoðun áhrif á ákvörðun þína um að koma til Íslands?

Viðkomandi var spurður hvort að hvalaskoðun hefði haft áhrif á þá ákvörðun að koma til Íslands. Í 28% tilvika hafði hvalaskoðun áhrif á ákvörðun um að koma til landsins.


Helst má sjá að hvalaskoðun hafi minnst áhrif á fólk á aldrinum 21 – 30 ára og mest á fólk á aldrinum 41-50 ára. Fólk frá Bretlandseyjum sker sig verulega úr, en meira en helmingur þeirra svarar því til að hvalaskoðun hafi haft áhrif á ákvörðun þeirra að koma til landsins. Ekki reyndist þó hægt að greina marktækan mun milli kynja, aldurs, menntunar né þjóðernis.



Mynd 4. Áhrif hvalaskoðunar á komu til landsins.




Mynd 5. Áhrif hvalaskoðunar á komu til Íslands greint eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 6. Áhrif hvalaskoðunar á komu til Íslands greint eftir þjóðerni.

2.2.2. Að hvaða marki hafði hvalaskoðun áhrif á ákvörðun þína um að koma til Íslands?


Þeir aðilar sem svöruðu því til að hvalaskoðun hafi haft áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til landsins voru beðnir um að meta nánar að hvaða marki hvalaskoðunin hefði haft á ákvörðunina. Langflestir telja að hvalaskoðunin hafi haft frekar mikil áhrif (47,5%) eða mjög mikil áhrif (23,2%) á þá ákvörðun um að koma til landsins. Hvalaskoðunin virðist hafa haft meiri áhrif á komu kvenna til landsins sem og háskólamentaðs fólks, þó ekki reyndist marktækur munur hjá þessum hópum. Þó afstaða fólks til þess hvort að hvalaskoðun hafði áhrif á komu þess til landsins sé heldur ekki háð aldri eða þjóðerni má þó sjá greinilegan mun á svörum milli einstakra hópa. Greinilegt er að mun fleiri í aldurshópnum 41-50 ára koma hér gagnert til að fara í hvalaskoðunarferð en í öðrum aldurshópum og fyrir einstaklinga í elsta og yngsta aldurshópnum skiptir hvalaskoðunin mun minna máli. Hvað búsetu varðar þá hefur hvalaskoðun mikil áhrif á komu íbúa Bretlandseyja, Norðurlandabúa, Japani og Eyja- og Asíubúa til landsins en mun minni á fólk af öðrum þjóðernum.



Mynd 7. Að hvaða marki hafði hvalaskoðun áhrif á komu til landsins.




Mynd 8. Að hvaða marki hafði hvalaskoðun áhrif á komu til landsins greint eftir kyni, aldri og menntun.



Mynd 9. Að hvaða marki hafði hvalaskoðun áhrif á komu til landsins greint eftir þjóðerni.

2.2.3. Hefðir þú farið í hvalaskoðunarferð ef hér væru stundaðar hvalveiðar?

Spurt var hvort viðkomandi hefði farið í hvalaskoðunarferð ef Íslendingar stunduðu hvalveiðar.¹ Meira en helmingur þeirra sem fóru í hvalaskoðunarferðir hefðu gert það hvort sem hér væru stundaðar hvalveiðar eða ekki eða rúm 56%.




Mynd 10. Hvalaskoðun og hvalveiðar.

¹ Hér er rétt að minna á að könnunin var gerð árið 2002, áður en Íslendingar hófu hvalveiðar að nýju.

Afstaða fólks til þess hvort það hefði farið í hvalaskoðunarferð ef hér væru stundaðar hvalveiðar er háð kyni², aldri³, menntun⁴ og þjóðerni⁵. Þannig virðast áhrif hvalveiða á þátttöku í hvalaskoðunarferð vera minni hjá körlum en konum sem og fólki á aldrinum 21-30 ára og þá sem hafa háskólamenntun. Ferðamönnum frá hvalveiðiþjóðunum Japan og Noregi er alveg sama hvort hér væru stundaðar veiðar eða ekki, þeir færu samt í hvalaskoðunarferð. Það eru helst Evrópubúar fyrir utan Norðurlöndin sem færu ekki í hvalaskoðunarferð ef hér væru stundaðar hvalveiðar eða í kringum helmingur hjá þeim þjóðum.

Hafa ber þó í huga að reynslan sýnir að svör fólks um væntanlega hegðun eru oft frábrugðin því sem í reyndinni verður og því verður að hafa þann fyrirvara og því um vísbendingar að ræða.




Mynd 11. Hvalveiðar og áhrif á hvalaskoðunarferð greint eftir kyni, aldri og menntun.

² ($f=,09$; $a=,003$),

³ ($\text{Tau-c}=,13$; $a=,000$)

⁴ ($\text{Tau-c}=,07$; $a=,018$)

⁵ ($\text{Tau-c}=,09$; $a=,010$)




Mynd 12. Hvalveiðar og áhrif á hvalaskoðunarferðir eftir þjóðerni.


2.2.4. Hefur þú farið áður í hvalaskoðunarferð?

Spurt var hvort viðkomandi hefði áður farið í hvalaskoðunarferð og reyndist fjórðungur svarenda hafa gert það. Aldur⁶ hefur áhrif á hvort einstaklingar hafi farið áður í hvalaskoðunarferð þannig að einstaklingar undir 30 ára aldri og fólk á aldrinum 41-50 ára hefur í minna mæli farið áður í hvalaskoðunarferð. Aðeins fleiri karlar en konur höfðu áður farið í hvalaskoðunarferð og mjög misjafnt var eftir þjóðerni hvort menn hefðu farið í hvalaskoðunarferð eður ei. 44% svarendur frá Bandaríkjunum og öðrum Ameríkulöndum hefur farið áður í hvalaskoðunarferð en aðeins tæp 11% Norðmanna og Japana. Það reyndist þó ekki marktækur munur milli þess að hafa áður farið í hvalaskoðunarferð og kynferðis eða þjóðernis.


⁶ (Tau-c=,04;a=,011)



Mynd 13. Hefur þú farið áður í hvalaskoðunarferð?




Mynd 14. Áður farið í hvalaskoðunarferð greint eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 15. Áður farið í hvalaskoðunarferð greint eftir þjóðerni.

Flestir þeirra sem hafa áður farið í hvalaskoðunarferð hafa farið tvisvar til þrisvar sinnum eða rúm 38%, rúm 35% hafa farið fjórum sinnum eða oftar og rúm 26% hafa farið einu sinni. Ekki er hægt að greina mun milli kynja í svörum við þessari spurningu hins vegar hafa aldur og menntun áhrif á tíðni ferða í hvalaskoðun sem og þjóðerni.


Flestir hafa áður farið í hvalaskoðunarferð á Íslandi eða 33,8%, 21,1% í Bandaríkjunum, 18,6% í Kanada og mun færri á öðrum stöðum.



Mynd 16. Hversu oft áður hefur þú farið í hvalaskoðunarferð.



Mynd 17. Aðrar hvalaskoðunarferðir greint eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 18. Aðrar hvalaskoðunarferðir greint eftir þjóðerni.

Tafla 2. Hvar hefur þú áður farið í hvalaskoðunarferð.


Land	Fjöldi:	Hlutfall:
Ísland	91	33,8%
USA	54	21,1%
Kanada	50	18,6%
Alaska	17	6,3%
Nýja Sjáland	17	6,3%
....

2.2.5. Hvaða einkunn gefur þú þeirri hvalaskoðunarferð?


Viðkomandi var beðinn um að gefa þeirri ferð sem hann fór áður í einkunn þar sem valkostirnir voru; mjög lág, frekar lág, góð, frekar góð eða engin skoðun. Langflestir voru ánægðir með fyrri hvalaskoðunarferðir eða rúm 76% segja frekar góð og góð. Þó eru 15% sem hafa enga skoðun á hvort ferðin var góð eða ekki og þegar þeir eru teknir frá má segja að 90% þeirra sem gefa fyrri hvalaskoðunarferðum gefa þeim umsögnina frekar góð og góð. Ekki var hægt að greina marktækan mun á einkunnagjöf eftir kynferði, aldri, menntun eða þjóðerni.



Mynd 19. Hvaða einkunn gefur þú þeirri hvalaskoðunarferð?




Mynd 20. Einkunn sem fyrri hvalaskoðunarferð fær greind eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 21. Einkunn sem fyrri hvalaskoðunarferð fær greind eftir þjóðerni.


Í flestum tilvika höfðu þátttakendur farið í hvalaskoðunarferðir sem voru aðeins part úr degi eða 196 manns en fæstir höfðu farið í hvalaskoðunarferð sem tók heilan dag eða aðeins 55 manns. Helst má sjá að háskólamenntað fólk og fólk eldra en 51 árs fari í meira mæli í hálf dags- eða heilds dagsferðir en aðrir.



Mynd 22. Hve lengi stóð sú ferð?




Mynd 23. Lengd fyrri hvalaskoðunarferðar greind eftir kyni, aldri og menntun.



Mynd 24. Lengd hvalaskoðunarferðar greind eftir þjóðerni.

2.2.6. Hvaða þættir skipta máli í hvalaskoðunarferðum?

Hvalaskoðunarferðir eru misjafnar og misjafnt hvað fólk leitar eftir eða hverjar væntingar eru í slíkum ferðum eru. Þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til sex þátta og segja til um hversu miklu máli hver þeirra skipti í hvalaskoðunarferð. Þessir sex þættir eru; (1) að upplifa nálægð við náttúruna, (2) sjá eins marga hvali og hægt er, (3) slappa og eiga góðar stundir, (4) sjá eitthvað óvanalegt eða sjaldgæft, (5) fræðsla um hvali og (6) sigla um sæinn. Yfir 90% svarenda telja að upplifa nálægð við náttúruna skipi mjög eða frekar miklu máli í hvalaskoðunarferð en einnig að sjá marga hvali (88,9%). Af þessum sex þáttum sem þátttakendur tóku afstöðu til skiptir sjóferðin minnstu máli.



Mynd 25. Hvaða þættir skipta máli í hvalaskoðunarferðum?

Hér fyrir aftan gefur að líta hvern þessara þátta fyrir sig þar sem niðurstöður eru greindar eftir kyni, aldri, menntun og búsetu.

Konur leggja mun meira upp úr því að fá fræðslu um hvali⁷ og sigla á sjónum⁸ en karlar. Einnig reyndist marktækur munur á svörum eftir kynferði varðandi nálægð við náttúruna⁹ og að slappa af og eiga góðar stundir¹⁰.

Hvað aldur varðar þá hefur hann áhrif á afstöðu fólks til þáttarins að upplifa náttúruna í hvalaskoðunarferð¹¹, sjá eitthvað óvanalegt¹² og fá fræðslu um hvali¹³. Hjá aldurshópnum 60 ára og eldri skipir meira máli að sjá eitthvað óvanalegt og sjaldgæft en í öðrum aldurshópum.

Menntun hefur áhrif á afstöðu fólks til þáttarins að slappa af og eiga góðar stundir¹⁴.

Þjóðverjar telja í meira mæli en aðrir að nálægð við náttúruna skipti mjög miklu máli og þeir leggja minna upp úr því að slappa af og eiga góðar stundir. Það skiptir Íslendinga hinsvegar frekar eða mjög miklu máli. Hjá yfir 90% Bandaríkjamanna og öðrum ameríkubúum skiptir fræðslan einnig

⁷ (Tau-c=,13; a=,000)

⁸ (Tau-c=,16;a=,000)

⁹ (Tau-c=,09;a=,005)

¹⁰ (Tau-c=,09; a=,010)


¹¹ (Tau-c=,07; a=,004)

¹² (Tau-c=,07; a=,001)


¹³ (Tau-c=,11; a=,000)

¹⁴ (Tau-c=-,05; a=,030)


frekar eða miklu máli en hjá aðeins 57% austur Evrópubúa. Hins vegar reyndist hvergi marktækur munur milli svara eftir þjóðerni.




Mynd 26. Hvalaskoðunarferð og náttúran greint eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 27. Hvalaskoðunarferð og náttúran greint eftir þjóðerni.




Mynd 28. Hvalaskoðunarferð og sjá sem flesta hvali greint eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 29. Hvalaskoðunarferð og sjá sem flesta hvali greint eftir þjóðerni.




Mynd 30. Hvalaskoðunarferð og góðar stundir greint eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 31. Hvalaskoðunarferð og góðar stundir greint eftir þjóðerni.




Mynd 32. Hvalaskoðunarferð og sjá eitthvað óvanalegt greint eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 33. Hvalaskoðunarferð og sjá eitthvað óvanalegt greint eftir þjóðerni.




Mynd 34. Hvalaskoðunarferð og fræðsla um hvali greint eftir kyni, aldri og menntun.



Mynd 35. Hvalaskoðunarferð og fræðsla um hvali greint eftir þjóðerni.




Mynd 36. Hvalaskoðunarferð og að fara á sjó greint eftir kyni, aldri og menntun.



Mynd 37. Hvalaskoðunarferð og að fara á sjó greint eftir þjóðerni.


2.2.7. Myndir þú vilja bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferð?

Spurt var hvort viðkomandi myndi vilja bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferð. Það virðist ekki falla í góðan jarðveg að bjóða upp á hvalkjöt í hvalaskoðunarferð því aðeins 16% þátttakenda hefur áhuga á að bragða hvalkjöt í slíkum ferðum. Yngsti aldurshópurinn hefur aðeins meiri áhuga en aðrir aldurshópar sem og þeir sem hafa grunnskóla menntun. Þjóðerni¹⁵ hefur áhrif á vilja til að bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferð. Þátttakendur frá hvalveiðiþjóðunum tveimur, Noregi og Japan hafa mun meiri áhuga á að bragða hvalkjöt en þátttakendur annarra þjóða sem og Íslendingar og íbúar austur Evrópu. Mjög fáir Þjóðverjar og þátttakendur frá Bretlandseyjum hafa áhuga á að bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferð.




Mynd 38. Myndir þú vilja bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferð?

¹⁵ (Tau-c=,08; a=,003)



Mynd 39. Vilji til að bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferð greindur eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 40. Vilji til að bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferð greindur eftir þjóðerni.


2.2.8. Myndir þú vilja sjá þegar hvalur er skorinn?

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort að þeir myndu vilja sjá þegar hvalur er skorinn. Lítil áhugi virðist vera á því þar sem aðeins 15% svaraði því til að þeir vildu sjá þegar hvalur er skorinn. Það eru helst Norðmenn, Japanir og Íslendingar sem hafa áhuga á því að sjá þegar hvalur er skorinn en síst þátttakendur frá Bretlandseyjum.

Marktækur munur er á milli kynferðis¹⁶ og áhuga á að sjá þegar hvalur er skorinn þannig að karlar hafa meiri áhuga en konur.




Mynd 41. Myndir þú vilja sjá þegar hvalur er skorinn?



Mynd 42. Vilja til að sjá hval skorinn greindur eftir kyni, aldri og menntun.

¹⁶ (f=,08;a=010)



Mynd 43. Vilja til að sjá hval skorinn greindur eftir þjóðerni.

2.2.9. Samantekt

- 28 prósent svarenda komu hingað til lands gagnert til þess að fara í hvalaskoðunarferð og í 47 prósent tilvika hafði hvalaskoðunarferðin frekar mikil áhrif á komuna til landsins.
- 44 prósent hefðu ekki farið í hvalaskoðunarferð ef hér væru stundaðar hvalveiðar. Sú afstaða er háð kynferði, aldri, menntun og þjóðerni.
- 25 prósent hafa áður farið í hvalaskoðunarferð og í flestum tilfellum hér á Íslandi. Flestir hafa farið tvisvar til þrisvar sinnum áður og voru langflestir ánægðir með þá ferð.
- Það sem fólk leitar helst eftir í hvalaskoðunarferðum er að upplifa nálægð við náttúruna og sjá sem flesta hvali.
- Lítil áhugi er á að bragða hvalkjöt í hvalaskoðunarferðum sem og að sjá þegar hvalur er skorinn.

2.3. Viðhorf til hvalveiða

Skipulagðar hvalveiðar hafa alvega legið niðri við strendur Íslands frá árinu 1989. Síðan þá hafa hvalveiðar verið mikið í umræðunni hérlandis og ekki allir á einu máli um hvort hefja skuli veiðar á ný. Síðustu ár hafa vísindamenn talið að að minnsta kosti þrjár hvalastofnar séu það vel á sig komnir að þeir þoli einhverjar veiðar. Árið 1999 var samþykkt þings-ályktunartillaga á Alþingi um að hefja hvalveiðar að nýju en það var svo ekki fyrr en nú í sumar (2003) að hvalveiðar hófust á ný.

Eins og áður hefur komið fram þá var þessi könnun gerð sumarið 2002 en þá ríkti enn hvalveiðibann við Íslandsstrendur. Til þess að kanna viðhorf þátttakenda í hvalaskoðunarferðum til hvalveiða og hugsanleg áhrif af hvalveiðum á hvalaskoðun, var spurt fimm spurninga. Hér gefur einnig að líta svör við þremur spurningum er lúta að viðhorfi til hvalkjöts.

2.3.1. Vissir þú að hvalveiðar væru bannaðar á Íslandi?


Spurt var hvort viðkomandi vissu að hvalveiðar væru bannaðar á Íslandi. Rúm 69% þeirra sem svöruðu þessari spurningu vissu um hvalveiðibannið en tæp 31% ekki, þ.e. liðlega tveir af hverjum þremur þátttakendum í hvalveiðiferðunum vissu að hvalveiðar væru bannaðar á Íslandi.

Þekking fólks á hvort hér væri hvalveiðibann er ekki háð kynferði þó aðeins fleiri konur vissu um hvalveiðibannið en karlar. Hins vegar er sú þekking háð aldri¹⁷, þannig að yngri fólkið vissi í minna mæli af hvalveiðibanninu. Menntun¹⁸ hefur einnig áhrif á þekkingu fólks á hvalveiðibanninu en háskólamenntaðir vissu í mun minna mæli að hér ríkti hvalveiðibann. Þekking á hvalveiðibanninu er einnig háð þjóðerni¹⁹ en ferðamenn frá hvalveiðiþjóðunum tveimur Noregi og Japan vissu einnig í minna mæli um hvalveiðibannið en ferðamenn frá öðrum löndum eða aðeins tæp 38%.


¹⁷ (Tau-c=,07;a=,033)

¹⁸ (Tau-c=,06;a=,041)


¹⁹ (Tau-c=,17;a=,000)



Mynd 44. Vitneskja um hvalveiðibannið.



Mynd 45. Vitneskja um hvalveiðibann á Íslandi greint eftir kyni, aldri og menntun.



Mynd 46. Vitneskja um hvalveiðibann á Íslandi greint eftir þjóðerni

2.3.2. Hefðir þú komið til Íslands ef hér væru stundaðar hvalveiðar?


Spurt var hvort viðkomandi hefði komið til Íslands ef hér væru stundaðar hvalveiðar. Töluverður meiri hluti svarar þessari spurningu játandi eða tæp 74% svarenda sem þýðir þrír af hverjum fjórum þátttakendum í þessum hvalaskoðunarferðum hefðu komið til Íslands þó hér væru stundaðar hvalveiðar en á sama hátt þýðir þetta að 26% hefðu ekki komið til landsins.

Afstaða fólks hvort það hefði komið til Íslands ef hér væru stundaðar hvalveiðar er háðar aldri²⁰, menntun²¹ og þjóðerni²². Þeir aðilar sem síst hefðu komið er fólk eldra en 30 ára en hvalveiðar virðast skipta yngra fólkið minna máli. Fólk með framhaldsskólapróf myndi síður koma hingað til lands ef hér væru stundaðar hvalveiðar. Hvalveiðar hafa mest áhrif á ferðamenn frá Bretlandseyjum og Þýskalandi en mun fleiri aðilar frá þeim löndum telja að þeir hefðu ekki komið til landsins ef hér væru stundaðar hvalveiðar en frá öðrum þjóðum eða þriðjungur þeirra.


²⁰ (Tau-c=,09;a=,004)

²¹ (Tau-c=,07;a=,031)


²² (Tau-c=,14;a=,000)



Mynd 47. Hvalveiðar og áhrif á komu til Íslands.




Mynd 48. Hvalveiðar og áhrif á komu til Íslands greint eftir kyni, aldri og menntun.



Mynd 49. Hvalveiðar og áhrif á komu til Íslands greint eftir þjóðerni.

2.3.3. Telur þú að hægt sé að veiða sumar tegundir af hval án þess að stofna þeim í hættu?


Spurt var hvort viðkomandi teldi að hægt væri að veiða sumar tegundir af hval án þess að stofna þeim tegundum í hættu. Tæplega tveir af hverjum þremur telja að það sé ekki hægt að veiða sumar tegundir af hval án þess að stofna þeim í hættu. Afstaða fólks til þess hvort slíkar veiðar séu mögulegar er háð kynferði²³ og þjóðerni²⁴. Konur eru mun neikvæðari en karlar og hlutfallslega fleiri karlar telja að það sé allt í lagi að veiða ákveðnar tegundir af hval. Langflestir Norðmenn, Japanir og Íslendingar telja að veiðar á ákveðnum tegundum sé mögulegt. Mest er andstaðan við slíkar veiðar hjá Evrópubúum.




Mynd 50. Allt í lagi að veiða sumar tegundir af hval.

²³ (f=,15; a=,000)

²⁴ (Tau-c=,09; a=,009)



Mynd 51. Allt í lagi að veiða sumar tegundir af hval greint eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 52. Allt í lagi að veiða sumar tegundir af hval greint eftir þjóðerni.

2.3.4. Hversu mikið traust berð þú til vísindamanna á sviði hvalarannsókna?

Spurt var hversu mikið traust viðkomandi bæru til vísindamanna á sviði hvalarannsókna. Meira en helmingur þátttakenda ber frekar mikið eða mjög mikið traust til vísindamanna á sviði hvalarannsókna eða 52%. Þó segja 32% sig hlutlaus a eða taka ekki afstöðu til þessarar spurningar. Af þeim sem tóku afstöðu eru það tæplega 76% bera mikið eða frekar mikið traust til vísindamanna á sviði hvalarannsókna.


Þjóðerni²⁵ hefur áhrif á afstöðu fólks til trausts sem það ber til vísindamanna á sviði hvalarannsókna. Helst má sjá að Þjóðverjar og Íbúar Bretlandseyja beri minna traust til vísindamanna á sviði hvalarannsókna en aðrir. Einnig má sjá að menntun²⁶ hefur áhrif á traust til vísindamanna en þeir sem eru meira menntaðir bera meira traust til þeirra en þeir sem hafa minni menntun.




Mynd 53. Traust til vísindamanna á sviði hvalarannsókna.

²⁵ (Tau-c=,09; a=,000)

²⁶ (Tau-c=,10; a=,000)



Mynd 54. Traust til vísindamanna á sviði hvalarannsókna greint eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 55. Traust til vísindamanna á sviði hvalarannsókna greint eftir þjóðerni.

2.3.5. Styður þú aðgerðir gegn þjóðum sem stunda hvalveiðar eða hafa slíkt í huga?


Spurt var hvort viðkomandi styðji aðgerðir gegn þeim þjóðum sem stunda hvalveiðar eða hafa hug á að byrja slíkar veiðar. Langflestir styðja aðgerðir gegn hvalveiðiþjóðum eða tæp 79% þeirra sem svara spurningunni.

Aldur²⁷ hefur áhrif á afstöðu fólks til þess hvort að það styðji aðgerðir gegn þjóðum sem stunda hvalveiðar eða hafa slíkt í huga þannig að yngsti aldurshópurinn styður í minna mæli slíkar aðgerðir en aðrir aldurshópar. Einnig má sjá að grunnskólamenntað fólk styðji slíkar aðgerðir í minna mæli en aðrir sem og Íslendingar, Japanir og Norðmenn þó ekki hafi reynst marktækur munur hjá þessum hópum.




Mynd 56. Stuðningur við aðgerðir gegn hvalveiðiþjóðum.

²⁷ (Tau-c=,06;a=,040)




Mynd 57. Stuðningur við aðgerðir gegn þjóðum sem stunda hvalveiðar greint eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 58. Stuðningur við aðgerðir gegn þjóðum sem stunda hvalveiðar greint eftir þjóðerni.

2.3.6. Hefur þú bragðað hvalkjöt?

Spurt var hvort viðkomandi hefði bragðað hvalkjöt en 85% þátttakenda hefur aldrei bragðað hvalkjöt. Bæði kynferði²⁸ og aldur²⁹ hafa áhrif á hvort viðkomandi einstaklingar hafa bragðað hvalkjöt eða ekki. Helst eru það karlar og einstaklingar eldri en 60 ára sem hafa bragðað slíkt kjöt. Langflestir Íslendingar, Norðmenn og Japanir hafa bragðað hvalkjöt meðan 5-30% einstaklinga af öðru þjóðerni hefur gert slíkt.




Mynd 59. Hefur þú bragðað hvalkjöt?



Mynd 60. Hefur þú bragðað hvalkjöt greint eftir kyni, aldri og menntun.

²⁸ ($f=,08; a=,006$)


²⁹ ($\text{Tau-c}=,10; a=,000$)



Mynd 61. Hefur þú bragðað hvalkjöt greint eftir þjóðerni.

2.3.7. Myndir þú vilja bragða hvalkjöt?

Spurt var hvort viðkomandi myndi vilja bragða hvalkjöt. Tæplega 30% þátttakendanna hefur áhuga á því að bragða hvalkjöt en 70% ekki. Aldur³⁰ og kyn³¹ hefur áhrif á vilja fólks til að bragða hvalkjöt. Fleiri karlar en konur hafa áhuga á að bragða slíkt kjöt og einnig mun fleiri einstaklingar 60 ára og eldri en fólk í öðrum aldurshópum. Þjóðerni³² hefur einnig sterk áhrif á áhuga fólks til að bragða hvalkjöt. Norðmenn, Japanir og íbúar austur Evrópu hafa hlutfallslega mestan áhuga á að bragða hvalkjöt en íbúar Bretlandseyja langminnstan áhuga.




Mynd 62. Myndir þú vilja bragða hvalkjöt?


³⁰ (Tau-c=,08; a=,005)

³¹ (f=,09;a=,005)

³² (Tau-c=,13; a=,000)




Mynd 63. Vilji til að bragða hvalkjöt greindur eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 64. Vilji til að bragða hvalkjöt greindur eftir þjóðerni.

2.3.8. Myndir þú vilja hafa hvalkjöt sem hluta af þínu mataræði?


Að lokum var spurt hvort viðkomandi myndi vilja hafa hvalkjöt sem hluta af sínu mataræði. Innan við 10% þátttakenda hafa áhuga á hvalkjöti sem hluta af sínu mataræði og rúm 90% hafa engan áhuga á því. Afstaða fólks til að hafa hvalkjöt sem hluta af sínu mataræði er ekki háð kynferði, aldri, menntun eða þjóðerni. Þó má sjá að Íslendingar, Norðmenn og Japanir svara töluvert öðruvísi en fólk af öðru þjóðerni, en 46,4% Íslendinganna myndu vilja hafa hvalkjöt sem hluta af sínu mataræði og 38,7% Norðmanna og Japana. Innan við 15% einstaklinga af öðrum þjóðernum svara þessari spurningu játandi.



Mynd 65. Hvalkjöt sem hluti af mataræði.



Mynd 66. Hvalkjöt sem hluti af mataræði greint eftir kyni, aldri og menntun.



Mynd 67. Hvalkjöt sem hluti af mataræði greint eftir þjóðerni.

2.3.9. Samantekt

- 69 prósent vissu að hvalveiðibann væri við Ísland.
- 74 prósent segja að þeir hefðu komið til Íslands þó hér væru stundaðar hvalveiðar.
- 65 prósent telja að það sé ekki hægt að veiða sumar tegundir af hval án þess að stofna þeim í hættu.
- 52 prósent bera mikið eða frekar mikið traust til vísindamanna á sviði hvalarannsókna. Helst eru það Þjóðverjar og Bretar sem bera minna traust til þeirra en aðrir.
- 79 prósent styðja aðgerðir gegn þeim þjóðum sem stunda hvalveiðar eða hafa hug á að byrja slíkar veiðar.
- 15 prósent hafa bragðað hvalkjöt og 30 prósent hafa áhuga á að bragða það.
- Innan við 10 prósent hafa áhuga á því að hafa hvalkjöt sem hluta af sínu mataræði. Íslendingar, Norðmenn og Japanir skera sig þér verulega úr en 46 prósent Íslendinganna og 39 prósent Norðmanna og Japana hafa áhuga á að hafa hvalkjöt sem hluta af sínu mataræði.

2.4. Hvalaskoðunarferðin

Fjöldi þátttakenda í hvalaskoðunarferðum hefur aukist mikið á síðustu árum eins og fram hefur komið hér að framan. Fyrirtækjum sem bjóða upp á hvalaskoðunarferðir hefur einnig fjölgað og ríkir nokkur samkeppni meðal þeirra um ferðamenn.


Í þessum kafla gefur að líta fjórar spurningar er lúta að skipulagningu og markaðsmálum hvalaskoðunarferða.

2.4.1. Hvenær tókstu ákvörðun um að fara í hvalaskoðunarferð?


Spurt var hvenær viðkomandi hafi tekið ákvörðun um að fara í hvalaskoðunarferð. Langflestir hvalaskoðunargestanna tóku ákvörðun um að fara í hvalaskoðunarferð áður en þeir komu til Íslands eða 63%, en 37% ákváðu að fara í hvalaskoðunarferð þegar þeir voru komnir til landsins.

Aldur³³ hefur áhrif á ákvörðunartöku um að fara í hvalaskoðunarferð þannig að þeir yngri hafa síður ákveðið að fara í hvalaskoðunarferð áður en þeir komu til landsins. Þó ákvörðun um að fara í hvalaskoðunarferð sé ekki háð kynferði, menntun, þjóðerni eða hvalaskoðunarfyrirtæki þá má sjá nokkurn mun milli svara eftir bakgrunni einstaklinga. Íbúar Bretlandseyja svara töluvert öðru vísi en fólk frá öðrum löndum en tæplega 80% þeirra hafa ákveðið að fara í hvalaskoðunarferð áður en þeir koma til landsins. Hjá öðrum þjóðum eru það 47-63% sem hafa tekið þá ákvörðun áður en þeir komu til landsins nema Norðmenn og Japanir en aðeins 38% og 22% Íslendingar höfðu tekið ákvörðunina áður en þeir komu til landsins. Um 70% gesta í hvalaskoðunarferð hjá Norðursiglingu á Húsavík og Sæferðum í Stykkishólmi ákváðu að fara í hvalaskoðunarferð áður en þeir komu til landsins en aðeins 53% gesta hjá Hvalstöðinni.


³³ (Tau-c=,07;a=,040)




Mynd 68. Hvenær tókstu endanlega ákvörðun um að fara í hvalaskoðunarferð?



Mynd 69. Endanleg ákvörðun um hvalaskoðunarferð greind eftir kyni, aldri og menntun.



Mynd 70. Endanleg ákvörðun um hvalaskoðunarferð greind eftir þjóðerni.




Mynd 71. Endanleg ákvörðun um hvalaskoðunarferð greind eftir hvalaskoðunarfyrtækjum.

2.4.2. Hvernig bókaðir þú hvalaskoðunarferðina?

Spurt var hvernig viðkomandi bókaði hvalaskoðunarferðina en flestir bókuðu sjálfir hjá hvalaskoðunarfyrtækinu eða 55 prósent, 20% hjá ferðaskrifstofu erlendis og 19% hjá ferðaskrifstofu hér innanlands. Nokkrir bókuðu ferðina á gististað sínum, hjá leiðsögumanni og sumir einfaldlega mættu á staðinni og pöntuðu sér ferð.


Bókunaraðferðir fyrir hvalaskoðunarferðir eru ekki háðar kynferði, en þó má sjá að konur bóka hvalaskoðunarferðir í meira mæli hjá ferðaskrifstofum erlendis en karlar. Aldur³⁴ hefur merkjanleg áhrif á hvernig fólk bókar í hvalaskoðunarferð þannig að einstaklingar eldri en 60 ára bóka frekar hjá ferðaskrifstofu erlendis en fólk í öðrum aldurshópum. Mun fleiri íbúar frá Asíu, Eyjaálfu og Bretlandseyjum bóka ferðina hjá ferðaskrifstofu erlendis en íbúar annarra þjóða. Meira en helmingur allra annarra Evrópubúa en íbúa frá Bretlandseyjum bóka ferðina hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu sjálfu.

Þó bókun í hvalaskoðunarferð sé ekki háð hvalaskoðunarfyrirtæki má þó sjá töluverðan mun á bókunarhegðun gesta hvalaskoðunarfyrirtækjanna. Sérstaklega er bókað í ferðir hjá Norðursiglingu á Húsavík á annan hátt en hjá hinum fyrirtækjunum tveimur. Hjá Norðursiglingu bókuðu langflestir ferðina hjá ferðaskrifstofu erlendis eða 57,4%, 18,8% hjá ferðaskrifstofu hérlendis, 14,4% hjá fyrirtækinu sjálfu og 9,4% á annan hátt. Hjá Sæferðum í Stykkishólmi og Hvalstöðinni í Reykjavík bókar meira en helmingurinn hjá fyrirtækinu sjálfu eða 55,3% og 51,1% og rúmlega fjórðungur hjá þeim í gegnum ferðaskrifstofur hérlendis. Sjá nánar mynd 75.




Mynd 72. Hvernig bókaðir þú hvalaskoðunarferðina?


³⁴ (Tau-c=,072; a=,001)



Mynd 73. Bókun á hvalaskoðunarferðinni greind eftir kyni, aldri og menntun.



Mynd 74. Bókun á hvalaskoðunarferðinni greind eftir þjóðerni.




Mynd 75. Bókun á hvalaskoðunarferðinni greind eftir staðsetningu hvalaskoðunarfyrtækis.

2.4.3. Hvernig fékkstu upplýsingar um hvalaskoðunarfyrtækið?

Spurt var hvernig viðkomandi hafi fengið upplýsingar um hvalaskoðunarfyrtækið sem það fór í hvalaskoðunarferð hjá. Langflestir fengu upplýsingar hjá ferðaskrifstofum eða í ferðabæklingum.

Yngsta fólkið fær í meiri mæli upplýsingar frá vinum en fólk í öðrum aldurshópum. Fólk frá Bretlandseyjum og Þýskalandi notar vefinn í meira mæli, en íbúar annarra landa. Íbúar Norðurlöndunum öðrum en Íslandi og Noregi, fékk í meiri mæli upplýsingar um hvalaskoðunarfyrtækið frá vinum en aðrir.

Fólk sem fór í hvalaskoðunarferð hjá Sæferðum fékk í meira mæli upplýsingar um hvalaskoðunarfyrtækið af vefnum heldur en fólk hjá hinum hvalaskoðunarfyrtækjunum tveimur eða 11,7% á móti 4,1% hjá Norðursiglingu og 1,6% hjá Hvalstöðinni.



Mynd 76. Hvernig fékkst þú upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtækið?

Tafla 3. Upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir kyni.

Hvernig fékkstu upplýsingar?	Karl:	Kona:
Hjá ferðaskrifstofu	38,6%	38,7%
Í ferðabæklingi	36,2%	38,7%
Í gegnum vini	5,3%	7,1%
Af vefnum	5,6%	5,9%
Úr tímariti	4,3%	1,7%
Átti leið hjá	2,8%	1,7%
Á gististaðnum	2,3%	1,5%
Úr sjónvarpi	0,9%	1,3%
Öðruvísi	4,0%	3,5%

Tafla 4. Upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir aldri.

Hvernig fékkstu upplýsingar?	Yngri en 21 árs	21-30 ára	31-40 ára	41-50 ára	51-60 ára	61 árs og eldri
Hjá ferðaskrifstofu	37,8%	34,6%	42,0%	37,7%	39,1%	47,9%
Í ferðabæklingi	36,7%	42,9%	37,9%	37,7%	33,0%	22,5%
Í gegnum vini	10,2%	9,2%	4,5%	5,2%	6,1%	2,8%
Af vefnum	3,1%	7,1%	6,7%	4,8%	6,1%	2,8%
Úr tímariti	4,1%	2,1%	1,1%	3,9%	3,4%	8,5%
Átti leið hjá	1,0%	0,8%	3,7%	1,7%	1,7%	7,0%
Á gististaðnum	3,1%	0,4%	0,7%	2,6%	3,9%	1,4%
Úr sjónvarpi	2,0%	1,3%	0,7%	1,3%	1,1%	0,0%
Öðruvísi	2,0%	1,7%	2,6%	5,2%	5,6%	7,0%

Tafla 5. Upplýsingar um hvalaskoðunarfyrtæki greint eftir menntun:

Hvernig fékkstu upplýsingar?	Grunnskóli:	Framhaldsskóli:	Háskóli:
Hjá ferðaskrifstofu	42,9%	41,3%	37,1%
Í ferðabæklingi	22,9%	37,0%	38,6%
Í gegnum vini	8,6%	4,8%	7,6%
Af vefnum	8,6%	4,5%	6,1%
Úr tímariti	5,7%	4,5%	1,7%
Átti leið hjá	0,0%	2,0%	2,5%
Á gististaðnum	5,7%	1,5%	1,9%
Úr sjónvarpi	2,9%	2,0%	0,5%
Öðruvísi	2,9%	2,5%	4,1%

Tafla 6. Upplýsingar um hvalaskoðunarfyrtæki greint eftir þjóðerni:

Hvernig fékkstu upplýsingar?	Ísland	Bretlandseyjar	Þýskaland	Noregur og Japan	Hin Norður-íöndin	Austur Evrópa	Annars staðar í Evrópu	Asia og Eyjaálfa	Bandaríkin og Ameríka
Hjá ferðaskrifstofu	21,4%	42,2%	36,6%	40,6%	37,8%	44,4%	39,5%	50,0%	43,3%
Í ferðabæklingi	28,6%	35,1%	34,0%	46,9%	37,8%	37,8%	45,9%	31,3%	40,3%
Í gegnum vini	32,1%	5,4%	7,2%	9,4%	12,2%	6,7%	6,0%	6,3%	1,5%
Af vefnum	0,0%	9,1%	9,8%	0,0%	1,0%	6,7%	3,4%	6,3%	3,0%
Úr tímariti	7,1%	2,0%	6,2%	3,1%	1,0%	2,2%	2,6%	0,0%	4,5%
Átti leið hjá	0,0%	2,7%	3,6%	0,0%	3,1%	2,2%	0,4%	6,3%	4,5%
Á gististaðnum	0,0%	2,0%	2,1%	0,0%	5,1%	0,0%	1,1%	0,0%	3,0%
Úr sjónvarpi	10,1%	1,4%	0,5%	0,0%	2,0%	0,0%	1,1%	0,0%	0,0%


Tafla 7. Upplýsingar um hvalaskoðunarfyrtæki greint eftir hvalaskoðunarfyrtækjum:

Hvernig fékkstu upplýsingar?	Hvalstöðin:	Norðursigling:	Sæferðir:
Hjá ferðaskrifstofu	41,2%	35,7%	40,6%
Í ferðabæklingi	39,6%	36,4%	33,9%
Í gegnum vini	4,8%	7,8%	5,9%
Af vefnum	1,6%	4,1%	11,7%
Úr tímariti	2,7%	5,3%	3,8%
Átti leið hjá	2,7%	2,7%	0,8%
Á gististaðnum	3,2%	1,2%	0,4%
Úr sjónvarpi	0,5%	2,2%	0,8%
Öðruvísi	3,6%	4,6%	2,1%


2.4.4. Hvers vegna valdir þú þetta hvalaskoðunarfyrirtæki?

Spurt var hvers vegna viðkomandi hefði valið þetta tiltekna hvalaskoðunarfyrirtæki. Hægt var að velja fyrirfram um átta valmöguleika auk þess sem hægt var að skrifa ástæðu. Valmöguleikarnir voru: (1) Meðmæli, (2) hluti af heildarpakka, (3) stærð skipsins, (4) verð, (5) lengd sjóferðar, (6) gott orðspor, (7) það eina sem ég vissi um og (8) gerð skipsins. Sumir merktu við fleiri en eina ástæðu fyrir því að þeir völdu þetta hvalaskoðunarfyrirtækin en ekki eitthvert annað.


Langflestir völdu hvalaskoðunarfyrirtækið vegna meðmæla frá öðrum. Sjá nánar myndir 77-80.




Mynd 77. Hvers vegna valdir þú þetta hvalaskoðunarfyrirtæki?



Mynd 78. Val á hvalaskoðunarfyritæki greint eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 79. Val á hvalaskoðunarfyritæki greint eftir þjóðerni.




Mynd 80. Val á hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir hvalaskoðunarfyrirtækjum.

Nokkrir svarenda tilgreindu aðrar ástæður en þær sem að framan er getið um. Það helsta sem fólk nefndi var möguleikinn á að sjá stóra hvali, t.d. steypireiði. Það voru aðallega hvalaskoðunargestir hjá Sæferðum í Stykkishólmi sem gátu um þessa ástæðu. Margir nefndu aðgengilegar upplýsingar og átti það aðallega við um hvalaskoðunargesti hjá Norðursiglingu á Húsavík en staðsetningin skipti gesti Hvalstöðvarinnar mestu máli.



Mynd 81. Hvaða aðrar ástæður voru fyrir því að þú valdir þetta hvalaskoðunarfyrirtæki?



Mynd 82. Aðrar ástæður fyrir að velja þetta hvalaskoðunarfyrirtæki greint eftir hvalaskoðunarfyrirtæki.

2.4.5. Samantekt

- 63 prósent tóku ákvörðun um að fara í hvalaskoðunarferð áður en þeir komu til Íslands.
- 55 prósent bókuðu hvalaskoðunarferðina hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu sjálfu.
- Langflestir fengu upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtækin hjá ferðaskrifstofum eða í ferðabæklingi.
- Flestir völdu hvalaskoðunarfyrirtæki vegna meðmæla frá öðrum.

3. Lokaorð

Í umræðunni um hvort hefja ætti hvalveiðar eða ekki, hefur áhrif veiðanna á hvalaskoðunarferðir og ferðamenskuna í kringum slíkar ferðir oft borið á góma. Það hefur verið álit þeirra sem eru í forsvari fyrir hvalaskoðunarferðir að hvalaskoðun og hvalveiðar á sömu tegund gangi ekki upp og eru því uggandi um framtíð starfsgreinarinnar. Hingað til hefur verið álitid að um 10% þeirra sem fara í hvalaskoðunarferðir komi hingað til landsins gagnert til að fara í hvalaskoðun.

Í þessari könnun hafði hvalaskoðunarferð í 28% tilvika haft áhrif á ákvörðun um að koma til landsins og það í flestum tilfellum frekar mikil áhrif. Þetta gefur okkur vísbendingar um að sá hópur sem kemur hingað til lands gagnert til þess að fara í hvalaskoðunarferð sé stærri en hingað til hefur verið haldið. Spurning er hvaða áhrif hvalveiðar hafi á þennan hóp ferðamanna. Í könnuninni kemur ennfremur fram að 26% fólks hefði ekki komið til landsins ef hér væru stundaðar hvaðveiðar. Hjá þeim sem komu hingað til lands gagnert til að fara í hvalaskoðunarferð svara 43% þeirra að þeir hefðu ekki komið til landsins ef hér væru stundaðar hvalveiðar. Þó voru það ekki allir þeirra sem vissu í raun hvort hvalveiðar væru bannaðar á Íslandi eða ekki. Þegar tekið hefur verið tillit til þeirrar vitneskju og gengið út frá að svarendur séu samkvæmir sjálfum sér, eru það rúm 8% sem hefðu hætt við að koma til landsins ef hér væru stundaðar hvalveiðar. Þetta þýðir yfir 6000 manns árlega. Hafa ber þó í huga að reynslan sýnir að svör fólks um væntanlega hegðun er oft frábrugðin því sem í reyndinni verður og því er hér aðeins um vísbendingar að ræða.

Enn fremur telja 44% að þeir hefðu ekki farið í hvalaskoðunarferð ef hér væru stundaðar hvalveiðar, en þó vissi 21% þeirra ekki að hér væri hvalveiðibann. Af þeim sem fóru í þessar hvalaskoðunarferðir voru tæplega 30% sem höfðu í raun ekki hugmynd um hvort hér væri hvalveiðibann eða ekki. Hægt er að álykta sem svo að hvalveiðar Íslendinga hafi engin áhrif á þann hóp þó svo hluti hans svari því til að þeir myndu ekki hafa komið til landsins eða farið í hvalaskoðunarferð ef hér væru stundaðar hvalveiðar, því þeir virðast ekki hafa aflað sér upplýsinga um hvort hér ríkti hvalveiðibann eða ekki. Þeir komu til landsins og fóru í hvalaskoðunarferð og höfðu ekki vitneskju hvort hér væru stundaðar hvalveiðar eða ekki. Reyndar kemur einnig í ljós að í 63% tilfella var ákvörðunin um að fara í hvalaskoðunarferð tekin áður en komið var til Íslands.

Fjórðungur þeirra sem fóru í þessar hvalaskoðunarferðir höfðu áður farið í hvalaskoðunarferð og það yfirleitt tvisvar eða þrisvar sinnum. Í flestum tilvikum var um að ræða hvalaskoðunarferð hér á Íslandi og var almenn ánægja með þær ferðir. Hér er um að ræða fólk sem greinilega sækist eftir því að komast í hvalaskoðunarferð, en um þriðjungur þessa hóps svarar því til að það hefði ekki komið komið til landsins ef hér væru stundaðar hvalveiðar og helmingur þeirra segist ekki hafa farið í hvalaskoðunarferð. En eins og áður vissi fjórðungur þeirra ekki hvort hér væri hvalveiðibann eða ekki og því erfitt að meta hvort orð og athafnir fari alveg saman.

Almennt treystir fólk vísindamönnum á sviði hvalarannsókna, en 52% bera mikið eða frekar mikið traust til slíkra. Nokkur undanfarin ár hafa vísindamenn talið að a.m.k. þrjár hvalastofnar séu það vel á sig komnir að veiðar á þeim stofnum séu vænlegar. Einungis 35% svarenda telja þó að það sé hægt að veiða sumar tegundir af hval án þess að stofna þeim tegundum í hættu. Þetta eru mun færri en segjast bera mikið eða ferkar mikið traust til vísindamanna á þessu sviði. Einnig er athyglivert að 79% hvalaskoðunargestanna styðja aðgerðir gegn þeim þjóðum sem stunda hvalveiðar eða hafa hug á að byrja slíkar veiðar. Þessi könnun er gerð sumarið 2002 áður en hvalveiðar Íslendingar voru orðnar staðreynd en þó var búið að vera í umræðunni í þó nokkurn tíma að Íslendingar hefðu hug á því að byrja veiðar aftur en það virðist samt ekki hafa haft áhrif á þessa gesti.

Nokkuð oft hefur spurningunni um hver eigi að kaupa hvalkjötið ef hvalveiðar yrðu leyfðar, verið varpað fram. Þeirri spurningu verður ekki svarað hér, en hins vegar kemur í ljós að áhugi gesta í hvalaskoðunarferðum á hvalkjötinu er mjög lítill. Fáir hafa smakkað það, nokkrir hafa áhuga á að prófa að smakka það, en enn færri hafa áhuga á að hafa það sem hluta af sínu mataræði. Helst má greina áhuga hjá Íslendingunum og íbúum hvalveiðiþjóðanna tveggja, Noregi og Japan. Mjög lítill áhugi er á að fá að smakka hvalkjöt í hvalaskoðunarferð eða að sjá þegar hvalur er skorinn.

Það helsta sem menn leita eftir þegar þeir fara í hvalaskoðunarferð er að upplifa nálægt við náttúruna og sjá marga hvali. Við val á hvalaskoðunarferð fóru flestir eftir meðmælum frá öðrum og fengu upplýsingar hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu sjálfu eða hjá ferðaskrifstofum eða í ferðabæklingi. Meira en helmingur gestanna bókaði hvalaskoðunarferðina hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu sjálfu. Það má segja að netið hafi fengið hér falleinkunn því fólk virðist í litlum mæli ná sér í upplýsingar um hvalaskoðunarfyrirtæki eða ferðir á netinu.

Eins og áður hefur komið fram þá var þessi könnun gerð sumarið 2002 en þá voru hvalveiðar okkar Íslendinga ekki orðnar staðreynd. Þessi könnun gefur okkur marktækar upplýsingar um hvernig ferðamenn sjá þessa hluti í samhengi. Í dag eru forsendur breyttar og því mjög mikilvægt að kanna betur áhrif hvalveiðanna á þennan hóp ferðamanna sem sækir Ísland heim í auknum mæli. Nauðsynlegt er að gera könnun strax sumarið 2004 meðal gesta í hvalaskoðunarferðum til þess að meta áhrif hvalveiða á þennan hóp en einnig væri æskilegt að kanna áhrifin hjá helstu ferðaskrifstofum erlendis til þess að kanna viðhorf þeirra sem heima sitja.